

## Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar fjárfestir í listalífínu

Menningar- og ferðamálaráði bárust 215 umsóknir vegna verkefna og starfsemi á menningarsviðinu árið 2011. Alls var sótt um kr. 344.250.759. Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 24. janúar s.l. voru samþykktar styrkveitingar til 85 umsækjenda, samtals að upphæð kr. 55.700.000.



### Tónlistarhópurinn Caput var útnefndur

**Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar** og hlýtur 2 m. kr. styrk. Caput hópurinn var stofnaður árið 1987 af ungum tónlistarmönnum í þeim tilgangi að flytja nýja íslenska tónlist. Stærð hópsins hefur alltaf verið sveigjanleg, frá einleikara, dúóum, tríóum og allt upp í sinfóníettu að fullri stærð. Caput hefur einkum komið fram á

höfuðborgarsvæðinu en jafnframt á fjölmörgum tónlistarhátíðum erlendis síðan árið 1992. Hópurinn hefur komið fram í 15 Evrópulöndum, í Kanada, Bandaríkjunum og Japan í samtals 26 tónleikaferðum og hljóðritað yfir tuttugu hljómdiska fyrir útgefendur víða um lönd. Caput hefur frumflutt ótal verk íslenskra og erlendra tónskálda. Hópurinn hefur verið opinn fyrir ólíkum stefnum og straumum nýrrar tónlistar. Hinn langi listi tónskálda, sem hafa unnið með hópnunum, sýna hina ótrúlegu fjölbreytni sem hefur ríkt í tónlist síðust áratuga.

Hæsta styrkinn, að upphæð 5 m.kr. fékk **Heimili kvikmyndanna** sem var sett á fót í fyrrum Regnboganum sl. haust og opnaði **Bíó Paradís**. Markmið starfseminnar er að að auðga menningarstarfsemi borgarinnar með því að efla kvikmyndamenningu og auka til muna fjölbreytni kvikmyndasýninga.

Næst hæsta styrkinn, að upphæð 4.4 m.kr. fékk **Nýlistasafnið** ,en þetta öflugla samtímalistasafn hefur nýlega stóraukið umsvif sín. Það sinnir framsæknu sýningarhaldi þar sem áhersla er lögð á að endurspegla breidd og sköpunarkraft íslenskra myndlistarmanna og kynna helstu strauma og stefnur í alþjóðlegri myndlist. Nýlistasafnið í Reykjavík hlaut Safnaverðlaunin í ár fyrir að hafa með starfsemi sinni mætt fjölbreyttum áskorunum á nýstárlegan hátt og verið lifandi vettvangur söfnunar, miðlunar og rannsókna á íslenskri myndlist.

2.5 m.kr. fékk tónlistarhátíðin **Norrænir músíkdagar** sem hefur verið mikilvægasti vettvangurinn fyrir norræna samtímatónlist frá því hátíðin var fyrst haldin árið 1888 og er einnig talin elsta tónlistarhátíð sinnar tegundar í heiminum. Norðurlöndin fimm skiptast á að halda hátíðina, og í ár er komið að Íslandi. Mörg af þekktustu tónskáldum samtímans hafa hér fengið verk sín flutt í fyrsta sinn.

2.2 m.kr. hlaut **Möguleikhúsið** sem hefur starfað í rúm 20 ár og var lengi eina barnaleikhúsið í höfuðborginni. Leikhúsið hefur lagt metnað sinn í að fá höfunda til liðs við sig og sýna ný íslensk verk.

2 m.kr. fékk **Vesturport** sem hefur sannað sig sem einn af fremstu leikhópum Evrópu og vakið athygli hérlendis sem erlendis fyrir áhrifamiklar sýningar.

Aðra styrkir hlutu:

- 1.8 m.kr. Jazzhátíð í Reykjavík.  
1.7 m.kr. Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova.  
1.5 m.kr. Havarí, Kammersveit Reykjavíkur, Kling og Bang gallerí, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og Stórsveit Reykjavíkur.  
1.4 m.kr. Lókal leiklistarhátíð.  
1.2 m.kr. Reykjavík Dance Festival.  
1 m.kr. Gallerí Ágúst, Shalala ehf.  
800 þús. kr. Tónskáldafélag Íslands vegna Myrkra músíkdaga til viðbótar 400 þús. í des.lok.  
700 þús. kr. Myndhöggvarafélagið í Reykjavík, Óperartíð félagið, Pars Pro Toto, Sveinbjörg Þórhallsdóttir og Steinunn Ketilsdóttir.  
500 þús. kr. Blúshátíð í Reykjavík, Ég og vinir mínir, Herbergi 408, List án landamæra, Múlinn – Jazzklúbbur, Stuttmyndahátíðin Ljósvakaljód og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar.  
400 þús. kr. Camerartica, Elektra Ensemble, Hljómsveitin Jagúar, Innipúki tónlistarhátíð, Íslensk grafík, Íslenska hreyfiþróunarsamsteypa, Kammermúsíkkúbburinn, Kviss búmm bang, Lab Loki, Listasafn ASÍ, Listvinafélag Hallgrímskirkju, Lúðrasveit Reykjavíkur, Lúðrasveitin Svanur, Menningarfélagið, Reykjavík Fashion Festival, Sviðslistahópurinn 16 elskendur, Tangófélagið, Aldrei óstelandi.  
350 þús. kr. Voces Thules.  
300 þús. kr. Halaleikhópurinn, Hugleikur, Íslenski sönglistahópurinn, Kvikmyndafélag Íslands v. Stuttmyndadaga, Listafélag Langholtskirkju, Lífsmynd kvikmyndagerð, Nordic Affect, PBB ehf, Samúel Jón Samúelsson, Tónleikasyrpan 15:15, Tinna Þorsteinsdóttir, Vala Ómarsdóttir.  
250 þús. kr. Handverk og hönnun.  
200 þús. kr. Art Centrum, Félag íslenskra tónlistarmanna, Kammerhópurinn Adapter, Raflistafélag Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, S.L.Á.T.U.R, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Útúrdúr/Þrívídd, Froskur útgáfa.  
150 þús. kr. Blikandi stjörnur, Hnúkaþeyr, IBBY á Íslandi, Vox Feminae kvennakór.  
100 þús. kr. Annað svið, Balladon ehf, Gamlir fóstbræður, Kórskóli Langholtskirkju, Leikfélagið Snúður og Snælda, Restingmind Concerts, Stúlknakór Reykjavíkur, Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Þórunn Elín Pétursdóttir, Nýlókórinn, Blásarasveit Reykjavíkur.

Að auki var samþykkt framlag ráðsins til samstarfssamninga við **Alþjóðlega kvikmyndahátíð** kr. 7.500.000, Útón vegna tónlistarhátíðarinnar **Iceland Airwaves** kr. 6.000.000, **Íslenska tónverkamiðstöð** kr. 1.000.000 og **Reykjavík Food and Fun Festival** kr. 900.000.

Menningar- og ferðamálaráð skipa: Einar Örn Benediktsson (Æ) formaður, Harpa Elísa Þórsdóttir (Æ), Eva Baldursdóttir (S), Stefán Benediktsson (S), Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir (D), Áslaug María Friðriksdóttir (D) og Davíð Stefánsson (V) .

Ráðgefandi faghóp um styrkina skipuðu Gunnar Hrafnsson, Hrafnhildur Hagalín, Lárus Ýmir Óskarsson, Sólrún Sumarliðadóttir og Þóra Þórisdóttir.

Nánari upplýsingar veitir Einar Örn Benediktsson formaður menningar- og ferðamálaráðs í síma 6606514 og Signý Pálsdóttir skrifstofustjóri menningarmála í síma 6939355.